



Eftir Sesselju Thorberg  
sem vinnur við sjónvarpsþáttinn Veggfóður.  
Myndir eftir Gunnar Sverrisson.



## AÐ DETTA INN Í ÆÐRI VERULEIKA

Siggvi Anton er ungur hönnuður sem hefur getið sér gott orð að undanfögnu. Siggvi Anton hefur lokið námi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands, en undanfarin ár hefur hann einnig lagt stund á ljósmyndun og hönnun og smíði húsgagna.

### Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég er að vinna að ljósmyndabók, kynna og selja Lucio í versluninni Þðu í Lækjargötu og ljúka námi við Háskóla Íslands.

### Hvað varð til þess að þú fékkst áhuga á hönnun?

Ég hef alltaf átt auðvelt með að taka myndir, teikna og skapa. Ég hef þörf fyrir að detta inn í „æðri veruleika“. Hann birtist okkur t.a.m. í tímaritum, verslunum, tónlistarmyndböndum og kvikmyndum. Þarna er oftast en ekki flott umhverfi og góð stemning. Mig langaði að skapa andrúmsloft heima hjá mér sem gæfi svipuð áhrif og ætti sér ekki hliðstæðu annars staðar.

### Hverjar eru fyrirmyndir þínar í faginu?

Það eru þeir sem ná að ganga á mótí straumnum og skapa sér sérstöðu. Vera á undan sinni samtíð og skapa tímalausa klassík. Fyrirmyndirnar eru því nokkar, en efst í huga mér eru amma mín og afi, sem alla tíð hafa verið mikið smekkfólk. Þau dvöldu í Hollywood í nokkur ár á sjötta áratugnum þar sem amma lærði söng og afi vann sem múrari fyrir leikarana. Þau komu heim með fullt af góðum hugmyndum sem þau útfærðu á heimili sínu og í öðrum húsum. Amma leit eftir mér þegar ég var lítill og skólaði mig í bransanum, þótt ég væri ekki hár í loftinu.

Ég hef einnig mikið álit á Renzo Rosso – forstjóra Diesel jeans. Hann fer sínar eigin leiðir. Einnig vil ég nefna Charles og Ray Eames, teymið á bak við einföldustu en jafnframt fallegustu húsgögn síðustu aldar. Ég leita líka oft að nýjum (og gömlum) fyrirmyndum í blöðum. Ég er mjög hrifinn af

„modern/mid century modern“ arkitektúr. Blöð eins og Dwell og Wallpaper\* hafa haldið sig við þann stíl. Stíllinn í gömlu James Bond myndunum er líka klassískur.

### Hvert er besta verkefni sem þú hefur gert að þínu mati?

Ég er mjög stoltur af ljósmyndabókinni sem ég er að vinna að þessa dagana. Einnig er veggskúlptúrin Lucio að gera góða hluti. Ljósmyndin „Vogue“ kemur líka upp í hugann en ég fékk verðlaun fyrir þá mynd árið 1994. Orðið vogue merkir: tíska, tíðarandi, vinsældir, það sem nýtur vinsælda í dag, en ekki endilega á morgun. Hún hangir núna uppi á skrifstofu hjá Renzo Rosso, forstjóra Diesel jeans, en ég gaf honum myndina í tilefni af 25 ára afmæli fyrirtækisins.

### Hverjir eru framtíðardraumar þínir?

Ég stefni að því að koma Lucio í framleiðslu erlendis. Í framtíðinni væri gaman að leikstýra auglýsingum. Þetta rennur allt saman í eitt. Leikstjórn, ljósmyndun og hönnun. Ég vil líka fara að sjá fallegri byggingar rísa hérna. Miðað við fasteignaverð eiga verktakar að geta ráðið góða arkitekta. Einnig eiga borgaryfirvöld að skapa umhverfi sem hvetur menn til að gera vel. Fleiri samkeppnir. Betur sjá augu en auga. Það blasir við.

### Hvað gerir þú í frístundum?

Hjóla, fer í ræktina, hitti félagana, fer á snjóbreitti. Tek myndir af fólki og á ferðalögum um landið.

### Hvernig yfirbragði sækist þú eftir á heimili þínu?

Töf umhverfi. Þar sem þú getur sest niður og dottið inn í annan heim – þennan æðri veruleika.

### Hvert er uppáhaldsherbergið á heimili þínu?

Stofan. Vel heppnað rými. Hátt til lofts. Hallandi þak. Fallegur arinn úr Drápuhlíðargrjóti. Falleg húsgögn. Gott útsýni til allra átta.

### Hvernig er fullkominn dagur heima við?

Hann yrði svo margþættur að ég þyrfti að skipta honum upp ...

- 1) Elda fajitas og bjóða gestum. Ekki skemmir að hafa góða tónlist, eitthvað nýtt, sem rennur á fóninum án þess að þurfi að skipta sér af.
- 2) Það er gaman að fá góða gesti í myndatöku. Ég pikka fólk upp af götunni og býð heim ef ég sé sérstaka eiginleika í viðkomandi. Efnið á ég til góða í myndabanka eða í auglýsingar, jafnvel ljósmyndabækur síðar meir. Það er gert í góðu samráði við þann sem situr fyrir. Það skemmtilega við þetta er að fá tækifæri til að kynna nýju fólk og mynda það. Það er ótrúleg fegurð og tækifæri allt í kringum okkur hér á landi.
- 3) Gamán að fá vini í spjall. Setjast niður við arininn og ræða málin.
- 4) Standa í framkvæmdum. Gera upp eitt herbergi. Vera að mála. Detta niður í kjallara og fletta gömlum blöðum og finna gamlar myndir. Fá nýjar hugmyndir.

### Hvað er það fyrsta sem þú gerir á morgnana?

Fer út að hlaupa. Bið stundum morgunbæn. Þegar ég man eftir því þá virkar hún vel.

1) Síggi Anton hefur vakið athygli fyrir ljósaönnun sína, Lucio. Lucio, sem í raun er veggskúlptúr eða spegill með baklýsingu, var kynntur á Hönnunardögum í IDU og selur Síggi Anton ljósið á [siggianton.com.u](http://siggianton.com.u). Verkið er þó ekki komið í fjöldaframleiðslu enn, en hægt er að panta sér eintak hjá hönnuðinum.

2) Ljósmyndin „Vogue“ sem Síggi Anton fékk verðlaun fyrir árið 1994. Orðið vogue merkir: tíska, tíðarandi, vinsældir, það sem nýtur vinsældar í dag, en ekki endilega á morgun. Hún hangir núna uppi á skrifstofu hjá Renzo Rosso, forstjóra Diesel jeans.

3) „Brennivinsbáturinn“, svartur drumbur úr massívum viði. Holur að innan, þar sem ljósi hefur verið komið fyrir. Drumburinn er flatur að ofan og hengdur á vegg. Þar má koma fyrir flöskum eða hlutum úr gleri. Ljós skín upp í gegnum rauf á drumbnum, í gegnum flöskurnar/glerið. Upphaflega hugsaður sem upplýstur bar heima við.

4) „Front door table“, borð til að fleygja lykklunum á.

5) „Heavy metal“, sófaborð. Dregur nafn sitt af því að það er úr málm og er þungt.

